

Lög

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,99%“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: 4,54%.

2. gr.

Á eftir 3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður sem hljóðar svo: 0,325% af gjaldstofni skv. III. kafla renni til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla.

3. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða**, með sex nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (17. gr.)

Markmið.

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í kafla þessum. Til að ná því markmiði skal ríkissjóður veita fjárframlag til lífeyrissjóða samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

b. (18. gr.)

Fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

Fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal nema 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. Framlagið skal greitt í október ár hvert og byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um fjárhæð gjaldstofns tryggingagjalds næstliðins árs.

c. (19. gr.)

Móttakendur framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðir, sem taka við framlagi til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða, skulu hafa starfsleyfi frá fjármálaráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

d. (20. gr.)

Stjórnarsýsla.

Fjármálaráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlaga til lífeyrissjóða samkvæmt kafla þessum.

e. (21. gr.)

Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. másl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

f. (22. gr.)

Reglugerðarheimild.

Fjármálaráðherra skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um skiptingu og úthlutun fjárfamlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

4. gr.

Við löggin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 18. gr. laganna skal ráðstöfun hluta tryggingagjalds til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla, vera sem hér segir á árunum 2007 og 2009:

1. Framlag á árinu 2007 skal vera 0,15% af gjaldstofni skv. III. kafla.
2. Framlag á árinu 2008 skal vera 0,20% af gjaldstofni skv. III. kafla.
3. Framlag á árinu 2009 skal vera 0,25% af gjaldstofni skv. III. kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 17., 18. og 19. gr. laganna skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða á árunum 2007–2009 eingöngu renna til lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2010. Lögin koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 2007 og álagningu ársins 2008. Framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal greitt í fyrsta skipti í október 2007.

Samþykkt á Alþingi 9. desember 2006.